

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 34/1999
frá 26. mars 1999

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/98 frá 4. júlí 1998⁽¹⁾.

Ákvörðun nr. 166 frá 2. október 1997 um breytingar á eyðublaði E 106 og E 109⁽²⁾, ákvörðun nr. 168 frá 11. júní 1998 um breytingar á eyðublaði E 121 og E 127 og niðurfellingu eyðublaðs E 122⁽³⁾ og ákvörðun nr. 169 frá 11. júní 1998 um starfsreglur og skipan tækninefndar um gagnavinnslu er heyrir undir framkvæmdaráð um félagslegt öryggi farandlaunþega⁽⁴⁾ skulu felldar inn í samninginn.

Breyta ber tilhögun þátttöku EFTA-ríkjanna í framkvæmdaráðinu um félagslegt öryggi farandlaunþega sem kveðið er á um VI. viðauka við samninginn þannig að hún endurspegli þátttöku EFTA-ríkjanna í tæknilegu nefndinni sem heyrir undir framkvæmdaráðið.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 123, 13.5.1999, bls. 64 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 21, 13.5.1999, bls. 273.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 195, 11.7.1998, bls. 25.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 195, 11.7.1998, bls. 37.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 195, 11.7.1998, bls. 46.

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 3.39 (ákvörðun nr. 153) í VI. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- „- **398 D 0441**: Ákvörðun nr. 166 frá 2. október 1997 (E 106 og E 109)(Stjtið. EB L 195, 11.7.1998, bls. 25),
- **398 D 0443**: Ákvörðun nr. 168 frá 11. júní 1998 (E 121, E 122 og E 127)(Stjtið. EB L 195, 11.7.1998, bls. 37).“

2. gr.

VI. viðauka við samninginn skal breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður komi aftan við lið 3.49 (ákvörðun nr. 165):

„3.50 **398 D 0444**: Ákvörðun nr. 169 frá 11. júní 1998 um starfsreglur og skipan tækninefndar um gagnavinnslu er heyrir undir framkvæmdaráð um félagslegt öryggi farandlaunþega (Stjtið. EB L 195, 11.7.1998, bls. 46).“

2. Í stað fyrirsagnar, ásamt ákvæði, á eftir lið 5.7 (Yfirlýsing frá lýðveldinu Frakklandi) komi eftirfarandi:

„TILHÖGUN ÞÁTTTÖKU EFTA-RÍKJANNA Í FRAMKVÆMDARÁÐINU UM FÉLAGSLEGT ÖRYGGI FARANDLAUNÞEGA, ENDURSKOÐUNARNEFNDINNI OG Í TÆKNINEFNDINNI, SEM BÁÐAR STARFA Í TENGLUM VIÐ RÁÐIÐ SAMKVÆMT 1. MGR. 101. GR. SAMNINGSINS

Ísland, Liechtenstein og Noregur geta hvert um sig sent áheyrnarfulltrúa til ráðgjafar á fundi framkvæmdaráðsins um félagslegt öryggi farandlaunþega, sem starfar í tengslum við framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, og á fundi endurskoðunarnefndarinnar og tækninefndarinnar sem báðar starfa í tengslum við fyrrnefnt framkvæmdaráð.“

3. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar nr. 166, ákvörðunar nr. 168 og ákvörðunar nr. 169 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. mars 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 26. mars 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner